



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 24. júlí, 2006

Ákvörðun nr. 34/2006

### **Samruni Dagsbrúnar hf. og Securitas hf.**

#### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

##### **1.**

Með bréfi Einars Þórs Sverrissonar hdl., dags. 27. mars 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að Dagsbrúin hf. (Dagsbrún) hefði keypt allt hlutafé í Securitas hf. (Securitas) af Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Sjóvá-Almennum líftrygginum hf. Tilgangur samrunans er í bréfinu sagður vera að dreifa áhættu Dagsbrúnar frá því sem er auk þess að styrkja félagið. Er talið að kaupin muni gera Dagsbrún, sem er skráð félag, að vænlegri fjárfestingarkosti í Kauphöll Íslands. Bréfinu fylgdi samrunaskýrsla, þar sem framsetning miðast við reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 27. janúar 2006, stutt kynning á Securitas, ársreikningar Securitas árin 2004 og 2005, ársreikningur Dagsbrúnar árið 2005 auk upplýsinga um helstu viðskiptavinum og birgja Securitas. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 25. apríl 2006, tilkynnti eftirlitið málsaðilum að það teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests samkeppnisyfirvalda til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

Samkeppniseftirlitið aflaði frekari upplýsinga frá samrunaaðilum og öðrum markaðsaðilum og áttu fulltrúar eftirlitsins jafnframt fundi með helstu keppinautum Dagsbrúnar og Securitas.

#### **II.**

#### **Niðurstöður**

##### **1.**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr.



laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu.

Samrunaðilar skilgreina vörumarkaðinn á eftirfarandi hátt í samrunaskýrslunni: „Starfsemi Securitas er á markaðnum fyrir öryggisþjónustu. Um er að ræða starfsemi fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.“ Hafa samrunaðilar lýst helstu þáttum þjónustunnar þannig að í fyrsta lagi sé um að ræða staðbundna mannaða gæslu þar sem öryggisvörður stundar öryggisvörslu við sama gæsluverkefni allan samningstímann, með stöðugri viðveru. Eðli þessarar þjónustu er að tryggja nauðsynlegt fyrirbyggjandi eftirlit og viðeigandi markviss viðbrögð ef eitthvað fer úrskeiðis. Í öðru lagi sé um að ræða farandgæslu þar sem öryggisvörður kemur í ákveðinn fjölda eftirlitsferða í viðkomandi fyrirtæki, samkvæmt þeim samningi sem gerður er um þjónustuna. Farandgæslu er beitt þar sem viðvörunarbúnaði verður ekki komið við með góðu móti. Í þriðja lagi sé um að ræða bifreiðagæslu á bifreiðastæðum/-húsum og hliðvörslu fyrir fyrirtæki og stofnanir með afgirt athafnasvæði og takmarkaðan aðgang. Í fjórða lagi feli starfsemin í sér fjargæslu þar sem öryggiskerfi er tengt með símalínu eða GSM sambandi til stjórnstöðvar. Öryggisverðir bregðast við ef eitthvað ber út af. Í fimmta lagi sé um að ræða verðmætaflutninga þar sem verðmæti eru flutt í sérhæfðum bílum og með öðrum sérhæfðum búnaði. Í sjötta og síðasta lagi falli sala, uppsetning og viðhald á mismunandi öryggisbúnaði og öryggiskerfum á heimilum og fyrirtækjum undir þá starfsemi sem Securitas og önnur öryggisþjónustufyrirtæki veiti. Ekki er fjallað um aðra markaði í samrunaskýrslunni.

Samkeppniseftirlitið er sammála því mati samrunaðila að Securitas starfi á markaði fyrir öryggisþjónustu. Hins vegar er að mati eftirlitsins hugsanlegt að skilgreina sérstaka undirmarkaði á þeim markaði, t.d. í samræmi við uppskiptingu þjónustunnar hér að ofan, vegna mismunandi þarfa viðskiptavina og kaupenda þjónustunnar. Einnig bendir mismunandi verð þjónustunnar til þess að um mismunandi markaði sé að ræða. Eins og mál þetta er vaxið telur Samkeppniseftirlitið hins vegar ekki þörf á því að skilgreina undirmarkaði öryggisþjónustu.

Hugsanlegt er að samkeppnislegra áhrifa samrunans gæti á öðrum mörkuðum en að framan greinir vegna tengsla dótturfélaga Dagsbrúnar. Fyrir liggur að Dagsbrún er móðurfélag Og fjarskipta sem er næst stærsta fjarskiptafélag á Íslandi og 365 ljósvaka- og prentmiðla sem er stærsta fjölmiðlafyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að þrátt fyrir að öryggisþjónusta sé ekki í dag starfrækt nema á fáum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins geti sú staða breyst með skjóttum, einföldum og tiltölulega ódýrum hætti, t.d. með ráðningu og þjálfun starfsmanna til að sinna mannaðri gæslu og farandgæslu eða uppsetningu búnaðar til fjargæslu. Aukin notkun þráðlausra lausna, t.d. með GSM tengingu öryggisbúnaðar, gerir slíkt einnig auðveldara eins og aukin gæsla sumarbústaða ber með sér. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að það hafi í ljósi þessa ekki tilgang í þessu máli að taka til skoðunar hvort landfræðilegur markaður þessa máls sé annar en landið allt.



Mat Samkeppniseftirlitsins er því að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland.

## 2.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga.

Ljóst er að staða Securitas er mjög sterk á öryggisþjónustumarkaði. Fyrirtækið hefur um eða yfir 60% markaðshlutdeild að mati samrunaaðila sem er í samræmi við niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins á grundvelli gagna sem var aflað. Einnig ber að líta til þess að Securitas kemur til með að verða hluti af Dagsbrún sem er mjög fjársterkt félag sem velti yfir 15 milljörðum á árinu 2005. Blasir við að samruninn mun styrkja og efla samstæðuna enn frekar.

Í ljósi ofanritaðs er það mat Samkeppniseftirlitsins að Securitas sé ráðandi á markaðnum fyrir öryggisþjónustu.

## 3.

Í máli þessu þarf að taka afstöðu til þess hvort umræddur samruni hafi skaðleg áhrif á samkeppni á hinum skilgreindu mörkuðum. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Tilvist markaðsráðandi stöðu eða styrkingu hennar má leiða af ýmsum þáttum, sem yfirleitt geta ekki ráðið úrslitum einir og sér.

Að mati Samkeppniseftirlitsins skapast möguleiki á samþættingu öryggisþjónustu við þjónustu annarra dótturfélaga Dagsbrúnar sem komi til með að styrkja stöðu félagsins á markaði fyrir öryggisþjónustu. Er hér einkum um að ræða samþættingu fjarskiptaþjónustu og/eða áskriftarsjónvarps við öryggisþjónustu eins og mál standa í dag. Í yfirlýsingum Dagsbrúnar í samrunaskýrslunni kemur fram að tilgangur yfirtökunnar hafi verið að breikka grundvöll starfsemi Dagsbrúnar, dreifa áhættu og þannig styrkja Dagsbrún sem fjárfestingarkost í Kauphöll Íslands. Opinberlega hefur Dagsbrún birt þær framtíðarhorfur félagsins að ný fyrirtæki í samstæðu Dagsbrúnar, eins og Securitas, styrki enn frekar markaðssókn inn á heimili og einstaklingsmarkað þar sem áskriftartekjur skapa sterkan grunn. Telur Samkeppniseftirlitið að sú markaðsstaða sem myndast við samrunann geti virkað sem hvatning til hins sameinaða fyrirtækis til þess að tvinnna saman og selja, hvort sem er í formi tilboða eða á annan hátt, ólíka þjónustuþætti á þeim mörkuðum sem fyrirtækið er ráðandi í þeim tilgangi að festa stöðu fyrirtækisins á þeim mörkuðum í sessi og útiloka þannig núverandi og mögulega keppinauta frá markaðnum. Jafnframt aukast að mati Samkeppniseftirlitsins á sama hátt líkur á því að hið sameinaða fyrirtæki bindi vöru eða þjónustu á mörkuðum sem það er ráðandi við vöru eða þjónustu á mörkuðum sem fyrirtækið er ekki ráðandi í þeim tilgangi að styrkja stöðu fyrirtækisins á hinum síðarnefndu mörkuðum.



#### 4.

Á grundvelli þessarar niðurstöðu, sem að framan greinir, gerði Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum grein fyrir því í bréfi, dags. 6. júlí 2006, að eftirlitið sæi ástæðu til þess að setja samrunanum skilyrði sem væru til þess fallin að koma í veg fyrir hugsanlegar samkeppnishömlur sem af samrunanum gæti leitt væri ekkert að gert. Var óskað eftir því að Dagsbrún gerði grein fyrir þeim skilyrðum sem félagið telur að geti komið í veg fyrir fyrirséðar samkeppnishömlur. Í framhaldinu áttu fulltrúar Samkeppniseftirlitsins fund með fulltrúa samrunaaðila sem leiddi til sáttar um ákveðin skilyrði.

#### 5.

Athugasemdir Dagsbrúnar bárust í bréfi, dags. 17. júlí 2006. Í athugasemdunum kemur fram að samrunaaðilar hafni þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að samrunanum þurfi að setja skilyrði vegna möguleika á samþættingu öryggisþjónustu við þjónustu annarra dótturfélaga Dagsbrúnar. Að mati Dagsbrúnar er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar frá 6. júlí háð þeim annmörkum að hvergi sé bent á dæmi um hvernig þessi samþætting geti átt sér stað. Að mati Dagsbrúnar teygi Samkeppniseftirlitið sig of langt í að finna einhver dæmi, sem hugsanlega kunna að leiða til þess að sú þjónusta sem samruninn nær til verði með einhverjum hætti seld í óvissri framtíð þannig að í bága kunni að fara við samkeppnislög. Þrátt fyrir þessa annmarka fellst Dagsbrún á það að samrunanum félagsins og Securitas séu sett tiltekin skilyrði enda séu þau í samræmi við 11. gr. samkeppnislaga sem bannar misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu sinni.

#### 6.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að í þeim tilvikum sem tengsl skapast milli fyrirtækis, sem er öflugt á öryggisþjónustumarkaði og fyrirtækis sem annars vegar er öflugt á vissum sviðum fjölmiðlunarmarkaðar og hins vegar fyrirtækis sem er sterkt á fjarskiptamarkaði, geti staða smárra aðila á viðkomandi mörkuðum veikst og innkoma nýrra aðila inn á þá orðið torveld. Í því tilviki sem hér um ræðir gætu, t.d. Og fjarskipti og/eða 365 ljósvakamiðlar, þannig selt fjarskipta- eða sjónvarpsþjónustu og tengt þau viðskipti kaupum á öryggisþjónustu Securitas. Ljóst er að mögulegar eru aðrar samsetningar á samtönnun en hér eru nefndar. Keppinautar á umræddum mörkuðum gætu átt það á hættu að geta ekki boðið viðskiptavinum sínum sömu eða sambærilega þjónustu og hið sameinaða fyrirtæki og kynnu því að hrökklást af markaðnum. Af sömu ástæðu gætu nýir aðilar átt mun erfiðara með að komast inn á þá markaði þar sem hið sameinaða fyrirtæki starfar.

Með vísan til þess sem að framan er ritað er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Dagsbrúnar og Securitas geti ef ekkert verður að gert takmarkað núverandi samkeppni og einnig möguleika nýrra aðila til þess að koma inn á öryggisþjónustumarkaðinn. Sérstaklega er þessi hættu til staðar ef notkun GSM farsímakerfa verður algeng til fjargæslu í öryggisgæslu. Einnig er það mat eftirlitsins að samruninn geti leitt til samtönnunar þjónustu af mismunandi þjónustmörkuðum með tilheyrandi ógagnsæi í verðlagningu og hömlum á



samkeppni. Af þessum ástæðum er ástæða til að grípa til íhlutunar vegna samrunans. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að eftirfarandi skilyrði fyrir samrunanum sem málsaðilar hafa samþykkt muni eyða þeim neikvæðu áhrifum sem samruninn kann ella að hafa á samkeppni á íslenskum öryggisþjónustu-, ljósvakamiðla- og fjarskiptamörkuðum. Af skilyrðunum leiðir að aðgangur nýrra keppnauta að mörkuðunum verður auðveldari en ella. Jafnframt er það forsenda Samkeppniseftirlitsins að skilyrðin geti stuðlað að frekara jafnræði með keppnautum á viðkomandi mörkuðum.

### III.

#### Ákvörðunarorð

**„Með samningi, dags. 27. janúar 2006, keypti Dagsbrún hf. öll hlutabréf í Securitas hf. Samningur þessi felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga.**

**Samruninn leiðir til eða styrkir markaðsráðandi stöðu hins sameinaða fyrirtækis. Með heimild í 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga setur Samkeppniseftirlitið samrunanum skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingu samrunans:**

1. Securitas hf. er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á þjónustu sem félagið veitir að einhver þjónusta annars dótturfélags Dagsbrúnar hf. fylgi með í kaupunum. Ennfremur er Securitas hf. óheimilt að verðleggja þjónustu fyrirtækisins sem boðin er með þjónustu annars dótturfélags Dagsbrúnar hf. þannig að verðlagning tilboða jafngildi skilyrði um að ein tegund þjónustu sé keypt með annarri.

**Efnisleg skilyrði 1. mgr. gilda einnig gagnvart öðrum dótturfélögum Dagsbrúnar hf. en Securitas hf.**

2. Þjóði Securitas hf. sína þjónustu ásamt þjónustu annars dótturfélags Dagsbrúnar hf. skal verð hvernar þjónustu koma fram í tilboðinu. Sama gildir ef önnur dótturfélög Dagsbrúnar hf. bjóða sína þjónustu ásamt þjónustu Securitas hf.
3. Brot á þessum skilyrðum varða viðurlög samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson

